58 höfðingi, samþykti alþingi það, er saman kom 1881, frumvarp, er fram kom af einstaks
4. maí. þingmanns hendi um breyting á 2. og 3. gr. laga 11. febr. 1876 um stofnun læknaskóla í Reykjavík, og fór fram á bæði að færa þau 4800 króna laun, er landlækninum eru lögð, niður í 3600 kr., og svo að ljetta ljósmæðrakennslunni af landlækni, en leggja hana á herðar hinum fasta kennara við læknaskólann og að hækka um leið laun þessa kennara úr 1800 kr. upp í 2400 kr.

Sá, sem landshöfðingi var þá er þetta frumvarp var sent stjórninni, ljet þá skoðun í ljósi, að engin af þeim breytingum, er frumvarpið ætti á að koma, gæti álitizt heppileg. Það væri hvorttveggja, að laun þau, er frumvarpið ákvæði embættinu sem landlæknir og forstjóri læknaskólans í Reykjavík væri óhæfilega lág, hvort heldur sem litið væri á þýðing embættis þessa eða á launahæð þá, er lögð væri embættum þeim, er sem næst mætti telja á borð við það, og það jafnvel þótt tillit væri tekið til þess tekjuauka er embættismaður þessi gæti haft af lækningum sínum, enda yrði og hinsvegar að álíta það miður heppilegt að fela hinum fasta kennara við læknaskólann ljósmæðrakennsluna, með því að það embætti mundi oftast verða skipað yngra og óreyndara lækni, heldur en forstöðumannsembættið við skólann, og mundi því mega svo ráð fyrir gjöra, að forstöðumaðurinn yrði venjulega hæfari til þessa starfa.

Af þeim rökum, er nú hafa talin varið, og með því að sá ágalli var á samningu frumvarpsins, að fyrirsögn þess svaraði eigi til efnisins, með því að gleymzt hafði að geta þess í henni, að ljósmæðra-lögunum 17. desbr. 1875 yrði einnig breytt við þessi lög, þá hlaut ráðgjafanum að þykja það ísjárvert að ráða til að frumvarpið yrði gjört að lögum.

Í allrapegnsamlegastri tillögu um mál þetta var því ráðið til þess að synja frumvarpi þessu allrahæstrar staðfestingar, og hefir hans hátign konunginum allramildilegast þóknazt að fallast á tillögu þessa 27. f. m.

Þetta skal eigi hjá líða látið að tjá yður, herra landshöfðingi, til þóknanlegrar vitundar og til þess að þjer birtið það í B-deild Stjórnartíðindanna.

59 **Brjef landshöfðingja** *til amtmannsins yfir norður- og austuramtinu* **um undan-**
7. maí. **færslu manns undan því að takast á hendur hreppstjórn.** — Í þóknanlegu brjefi dags 20. febr. þ. á. hafið þjer, herra amtmaður, skýrt mjer frá því að Stefán bóndi Einarsson í Möðrudal sem sýslumaðurinn í Norðurmúlasýslu í fyrra vor skipaði hreppstjóra til bráðabirgða í Jökuldals og Hlíðarhrepp hafi óhlýðnazt þessari skipun, og sent aptur óuppbrotið embættisbrjef sem sýslumaður sendi honum sem hreppstjóra, og hafið þjer beiðst leiðbeiningar minnar um það, hvort álíta skuli að Stefán hafi brotið á móti embættisskyldu (143. eða 144. gr. hegningarlaganna sbr. 145 gr.) eða hvort yfirsjón hans sje í því fólgin, að hann hafi skorazt undan að taka ámóti hreppstjóraskipun til bráðabirgða.

Útaf þessu skal jeg þjónustusamlega tjá yður að jeg verð að álíta að brot Stefáns sje brot á embættisskyldu með því að skipun hans var ekki apturkölluð af sýslumanni og samþykki Stefáns þurfti eigi til þess að gefa henni fulla verkun, og vil jeg því um leið og jeg endursendi skjöl þau, sem fylgdu ofannefndu brjefi yðar, skora á yður að hlutast til um, að Stefán verði látinn sæta ábyrgð fyrir þessa óhlýðni sína samkvæmt ofangreindum lagagreinum.